

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2018/EES/49/03  
(ESB) 2017/1282**

frá 14. júlí 2017

**um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur  
í vöruflokki 13 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 90. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Póllandi barst umsókn 26. nóvember 2009, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB <sup>(2)</sup>, um að færa virka efnið 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (EB-nr. ekki úthlutað, CAS-nr. 2527-66-4) á skrá í I. viðauka við þá tilskipun, til notkunar í vörur í vöruflokki 13, varnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar, eftir því sem við á, vöruflokki 13 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 2) Pólland lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 24. mars 2016 í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 16. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfivaldsins.
- 4) Samkvæmt því álit má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokk 13 og innihalda 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í þeim sviðsmyndum sem metnar voru fyrir þennan vöruflokk við mat á umhverfisáhættu greindist óviðunandi áhætta.
- 5) Því er ekki rétt að samþykkja 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (EB-nr. ekki úthlutað, CAS-nr. 2527-66-4) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).